



Frá stofnfunði Félags um lýðheilsu sem haldinn var í Heilsuverndarstöðinni 3. desember síðastliðinn. Ljós. Samúel J. Samúelsson.

Samband lífshátta og heilsu

En hvaða skilning leggur Geir í hugtakið lýðheilsu? Eru það fyrst og fremst forvarnir og almennur áróður fyrir því að fólk stundi holla lífshætti?

„Eigum við ekki að segja að starf okkar snúist um að vekja athygli almennings á flóknu sambandi lífshátta og heilsu. Hin hefðbundna lýðheilsa er fólgin í forvarnarservi á borð við það sem unnið er hér á Heilsuverndarstöðinni við heilsuvernd barna og mæðravernd. Slysavarnir eru hluti af lýðheilsu, skimun fyrir krabbameini og starfsemi Hjartaverndar og einnig starf íþróttafélaga svo nokkur dæmi séu tekin. Og ekki má gleyma öllu því starfi sem fram fer í skólum landsins.

Lýðheilsa spannar því mjög vítt svið og vonlaust fyrir okkur að ætla að sinna því öllu. Við eigum eftir að finna hvar við getum gert mest gagn. Við erum að búa til nýjan vettvang þar sem fólk úr ólíkum áttum kemur saman og við eigum eftir að læra að ganga í takt. Það getur verið nógu erfitt innan stétta að finna sameiginlegt göngulag, hvað þá þegar fleiri stéttir koma saman. Þessi mál tengjast líka fleiri ráðuneytum en heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu, til dæmis eru málefni fatlaðra að stórum hluta á vegum félagsmálaráðuneytisins þótt margt í þeirra hagsmunamálum snúi að heilbrigðismálum. Þetta krefst þess að menn vinni saman, ekki bara á þverfaglegan hátt heldur einnig þvert á kerfi og stofnanir.“

Þörf fyrir forvarnarmiðstöð

Nú eru ýmis forvarnarkerfi í gangi víða um samfélagið og ekki alltaf mikið samband á milli þeirra. Ráðherra nefndi það á fundin-

um að hann hefði áhuga á að koma á fót forvarnarmiðstöð. Hvernig líst ykkur á þá hugmynd?

„Ég held að það sé almennur stuðningur við að koma á fót vettvangi þar sem menn vinni saman að forvörnum og málefnum sem snerta lýðheilsu. Kannski var Heilsuverndarstöðin stofnuð sem slík miðstöð, sú var í það minnsta hugmynd Vilmundar Jónssonar landlæknis á sínum tíma. Hér hafa verið berklavarnir, mæðra- og ungubarnaeftirlit og fleira. Þörfin fyrir slíka forvarnarmiðstöð er öllum ljós en menn greinir ef til vill á um endanlegt form hennar og starfssvið.

En hvað sem því líður þá eru verkefni Félags um lýðheilsu ærin en það ræðst þó af þátttöku félagsmanna og dugnaði okkar í stjórninni hvernig okkur gengur að sinna þeim. Við ákváðum á stofnfundinum að allir þeir sem gerast félagsmenn fyrir janúarlok teljist stofnfélagar og því vil ég hvetja alla áhugamenn um lýðheilsu til þess að setja sig í samband við okkur í stjórninni sem fyrst og ganga í félagið og taka þátt í mótun og uppbyggingu þess,“ sagði Geir Gunnlaugsson.

Auk hans eiga sæti í stjórninni Valgerður Gunnarsdóttir ritari og varaformaður (netfang: vgu@decode.is), Kristinn Tómasson gjaldkeri (kristinn@ver.is), Helga Þorbergsdóttir (helga@sudurland.is) og Sigrún Gunnarsdóttir (sigrugu@landspitali.is) meðstjórnendur og í varastjórn eru Laufey Steingrimsdóttir (laufey@manneli.is) og Anna Björg Aradóttir (annabara@land-laeknir.is). Netfang formannsins er: geir.gunnlaugsson@hr.is

—PH

Læknar í Svíþjóð

SÆNSKA LÆKNAFÉLAGIÐ HEFUR GEFIÐ út upplýsingar á sænsku og ensku um menntun og störf lækna sem menntaðir eru í Svíþjóð fyrir kollega þeirra sem eru með próf frá löndum sem eru ekki í EES. Á heimasíðu félagsins www.slf.se eru nánari upplýsingar um þetta og þar er einnig að finna greinargerð um þetta málefni sem ber heitið: **Invandrade läkare – en resurs i svensk hälso- och sjukvård.**



Snorri Hallgrímsson í Andvara

Í NÝJASTA TÖLUBLADI TÍMARITSINS Andvara sem Hið íslenska Þjóðvinafélag gefur út er fróðleg grein um Snorra Hallgrímsson lækni eftir kollega hans, Árna Björnsson. Snorri var fæddur 1912 og hefði því orðið níraður á þessu ári. Árni rekur náms- og starfsferil Snorra, þátttöku hans í finnska Vetrarstríðinu og hlut hans í sögu kennslu læknisfræði á Íslandi.